

Úthlutunarreglur Fag og fræðslusjóðs Þroskaþjálfafélags Íslands

1.gr.

Fag og fræðslusjóður Þroskaþjálfafélags Íslands er ætlaður til rannsókna/ þróunarstarfa.

2.gr.

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn í Þroskaþjálfafélagi Íslands.

3.gr.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu félagsins.

Umsóknir skulu afgreiddar innan tveggja mánaðar. Styrkþegi skal vitja styrk síns innan 6 mánaða frá þeirri dagsetningu sem honum er tilkynnt um styrkúthlutun.

4.gr.

Með umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja:

- lýsing á rannsókn//þróunarstarfi
- rannsóknaráætlun
- áætlaður kostnaður
- samstarfsaðilar
- upplýsingar um rannsóknir á sama sviði
- aðrir styrkir eða laun
- upphæð styrks sem sótt er um.

5.gr.

Stjórn Fag og fræðslusjóðs Þroskaþjálfafélags Íslands fjallar um og afgreiðir umsóknir. Umsóknum skal svarað skriflega.

6.gr.

Styrkþegar skulu vitja greiðslunnar innan 6 mánaða frá styrkveitingu.

7.gr.

Styrkþegar rannsókna og eða þróunarverkefna skulu kynna niðurstöður rannsókna sinna eða drög að niðurstöðum, fyrir öðrum félagsmönnum svo sem í formi fyrirlestra eða skýrslu innan tveggja ára frá úthlutun.

8.gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að endurskoða starfsreglur ár hvert. Nýjar reglur skulu kynntar á aðalfundi að undanfarinni samþykkt sjóðsstjórnar og stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands.

9.gr.

Greiðslu til styrkhafa er skipt í tvennt þ.e. helmingur styrks greiðist strax og umsókn hefur verið samþykkt og seinni hluti eftir að styrkhafi hefur kynnt verkefnið